

Nd.

21. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson, Sigurður Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Matth. Ólafsson, Jón Jónsson, Pjetur Oltesen, Pjetur Þórðarson, Magnús Pjetursson.

Pegar núverandi framkvæmdarstjóri Landsbankans, Björn Kristjánsson, lætur af forstöðu bankans, fær hann árlega 4000 krónur í eftirlaun.

Greinargerð.

Það er öllum kunnugt, að forstjórn Landsbankans er ein hin mesta trúnaðarstaða hjá þjóð vorri. Og þar sem nú mun standa til, að Björn Kristjánsson láti bráðlega af stjórn bankans, en hins vegar mun ekki um það deilt, að hann hafi staðið prýðilega í þeirri stöðu, þá virðist samræmi í því, að honum sjeu heitin hin sömu eftirlaun, er ákveðin voru handa fráfaranda bankastjóra 1909.